

**Nd.**

**13. Frumvarp til laga**

**[13. mál]**

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skulu laun hækkka eða lækka mánaðarlega eftir á í samræmi við hreyfingu vísitölnunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samkvæmt lögum um gengisskráningu o. fl. skulu laun samkvæmt vísitölu breytast 1. janúar 1951 og aftur 1. júlí s. á., en eftir það skulu laun engum breytingum taka samkvæmt lögnum. Þetta fyrirkomulag var rökstutt með því, að verðhækkun af völdum gengislækkunarinnar mundi verða tiltölulega lítil, ekki nema 11—13%, og mestur hluti þessarar verðhækkunar mundi verða kominn fram fyrir 1. júlí 1950. Mundi það því ekki skipta verulegu máli fyrir launþega, þó að kaup breyttist aðeins á 6 mánaða fresti frá þeim tíma og vísitöluunreikningur launa félli niður með öllu á miðju árinu 1951.

Nú vita allir, að önnur hefur orðið raunin á. Vísitala októbermánaðar mun vera yfir 120 stig. Þessi vísitala er þó enginn mælikvarði á hinar gífurlegu verðhækkunarir, sem orðið hafa síðan gengi krónunnar var fellt. Taumlausar verðhækkunarir hafa orðið á vörum, sem alls ekki eða að óverulegu leyti eru teknar með í vísitöluútreikninginn, enda er hin nýja vísitala launþegum mjög óhaghæð, þar sem einmitt þær vörur, sem mest hafa hækkað í verði, vega miklu minna í vísitölunni en áður. Nú eru laun greidd með 15% álagi í stað að minnsta kosti 20%, sem ætti að greiðast í október, ef farið væri eftir vísitölu mánaðarins. Það þýðir, að algengustu verkamannalaun mánaðarins eru allt að hundrað krónum lægri en ella, ef kaup breyttist mánaðarlega samkvæmt vísitölunni. Þetta er að visu ekki í neinu samræmi við hinar raunverulegu verðhækkunarir, þannig að enda þótt þessi háttur væri hafður á, mundi kaupmáttur launanna lækka með hverjum mánuðinum sem líður. Samt sem áður munar ekki lítið um 100 kr. á mánuði, og næstu mánuði verður munurinn á greiddum launum og því, sem ætti að greiðast samkvæmt vísitölu mánaðarins, enn meiri.

Til þess að bæta nokkuð úr þessu hróplega ranglæti, sem ekki kemur til mála, að verkalýðsfélögin geti sætt sig við, er frumvarp þetta flutt.